



Fundargerð 90. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH), þann 20. desember 2022, kl. 15:00-17:35 (á Teams).

Fundinn sátu: Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Sveinn Margeirsson, Jón E. Friðriksson, Guðrún Stefánsdóttir, Róbert Smári Gunnarsson (fulltrúi nemanda) og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð. Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri, kom á fundinn undir 3. lið. Lilja Sigurlína Pálmadóttir boðaði forföll rétt áður en fundurinn hófst og því náðist ekki að boða varamann í hennar stað.

1. Dagskrárrög voru kynnt og samþykkt.
2. Fundargerð 89. fundar var samþykkt.
3. Fjármál skólans. Rekstraráætlun 2023. Edda Matthíasdóttir, skýrði rekstraráætlunina. Öll verknúmer hafa verið yfirfarin með deildarstjórum og þeir hafa skilað fjárhagsáætlun verkefna og spá um launakostnað. Flutningur á milli færslukerfa á haustmánuðum hefur haft veruleg áhrif á áætlunarvinnuna. Innleiðing lotunar (e. cutoff) fyrir rannsóknaverkefni hefur einnig haft áhrif á hana þar sem kostnaður sem tengist tekjum vega rannsókna á fyrri árum teygist inn í bókhald skólans 2023-2024. Hagræn skipting áætlunarinnar fylgir fjölda nema og fjárlögum. Skýr skipting er á milli grunnkostnaðar og rannsóknarkostnaðar. Óbeinn kostnaður (e. *overhead*) er reiknaður 30% af fjárlögum og sértekjum og verður tekinn inn að hluta til 2023.

Í fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 582.440.000 kr. framlagi frá ríki sem skiptist svo: 99.390.000 kr. til Ferðamáladeildar, 153.556.000 kr. til Hestafræðideildar, 99.284.400 kr. til Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að grunnrekstur Ferðamáladeildar haldist innan viðmiða, en með tekjum frá rannsóknum þar sem áætlun fyrir rannsóknatekjur er umfram áætlaðan rannsóknakostnað. Skv. upplýsingum frá Hestafræðideild mun grunnrekstur deildarinnar vera 29% yfir viðmiðum og því þarf að grípa til aðgerða til að halda deildinni nálægt þeim. Knapamerki er mikilvægt verkefni sem Hestafræðideild heldur utan um. Töluverð umsýsla og kostnaður er í kringum verkefnið sem leitt hefur til kostnaðar umfram tekjur á síðustu árum. Stefnt er á að verkefnið verði sjálfbært árið 2024 og gefi af sér tekjur á árinu 2025.

Rætt var um þörf fyrir að fá úttekt fyrir Hestafræðideildina svo hægt sé að kostnaðarreikna alla rekstrarliði hennar sem er mikilvægt innlegg í að fá endurskoðun á fjárframlagi ríkisins á hvern nemanda í hestafræðideild.

Áætlað er að grunnrekstur Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar verði samkvæmt viðmiðum. Áætlaður rekstrarkostnaður á aðstöðu Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar er í samræmi við umframtekjur frá rannsóknum og fjárframlag frá ríkinu. Áætlun rannsóknakostnaðar er undir viðmiðum áætlaðra rannsóknatekna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Áætlað er að bleikjukynbótastöðin verði í jafnvægi. Hafa þarf í huga að verð á útseldri vöru á að samsvara raunkostnaði við kynbætur og framleiðslu. Umframtekjur munu fara í

uppbyggingu kynbótarstöðvarinnar. Í máli Eddu kom fram að æskilegt væri að bleikjukynbótastöðin yrði sér rekstrareining undir skólanum með virðisaukanúmer. Þá kom fram að um 30 mill. kr. skuldbindingar, sem eru ekki í ársreikningum, hvíla á skólanum og þær þarf að gera upp sem allra fyrst. Þetta eru m.a. skuldir ferðapjónustunnar á Hólum frá árum áður, sem skólinn var ábyrgur fyrir. Óskað hefur verið eftir fjárveitingu frá ráðuneytinu fyrir greiðslu kostnaðar. Á þessu stigi er óvíst hve mikið af skuldunum mun falla á skólann.

Háskólaráðsfulltrúar samþykktu framlagða rekstraráætlun. Guðrún Stefánsdóttir ræddi ákveðna þætti í fjárhagsáætlun Hestafræðideildar og lýsti yfir áhyggjum gagnvart fjárhag deildarinnar. Hún hafði þann fyrirvara á sinni samþykkt að áfram yrði unnið af krafti að fjármögnun alls skólastarfsins og sérstaklega hestafræðideildar.

*Ályktun Háskólaráðs. Starfsemi Háskólans á Hólum er mikilvæg til þróunar á þekkingu fyrir íslenskt atvinnulíf og til að efla íslenskt hagkerfi. Allar deildir skólans gegna þar mikilvægu hlutverki. **Háskólaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að grundvöllur fjármögnunar einstakra deilda verði yfirfarinn og leiðréttur til samræmis við raunkostnað þeirra.***

4. Rektor kynnti uppfærslu af jafnlaunastefnu Háskólans á Hólum og var hún samþykkt. Í henni kemur m.a. fram að gæta eigi fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annara starfskjara við jafngild störf án tillits til kyns og að rektor er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfis skólans.

5. Starfsmannamál. Þrír nýir starfsmenn hafa verið ráðnir að skólanum. Erla Kristinsdóttir hefur verið ráðin fjármálasérfræðingur, Sabine Brigitte Celine Lobligeois hefur verið ráðin í starf aðstoðarmanns í rannsóknum á bleikjukynbótastöð og Lára Gunnús Magnúsdóttir sem kennslustjóri. Ráðningarferli er í gangi vegna starfs staðarumsjónarmanns og tvær stöður reiðkennara eru í auglýsingarferli.

6. Rektor kynnti Samstarfssjóð háskólanna. Sjóðnum er ætlað að ýta undir samstarf á milli allra háskóla á landinu. Starfsfólk Háskólans á Hólum tók þátt í ellefu umsóknum og er þar að auki í forsvari fyrir sex:

- Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri Ferðamála deildar, sótti um 42.800.000 kr. til námslínu í ferðamálafræði – á ensku í fjarnámi, í samstarfi við Háskóla Íslands.
- Stefán Óli Steingrímsson, deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíf fræðideildar, sótti um 57.760.000 kr. til sjálfbærs eldis, ræktunar og nýtingu lagarlífvera á Íslandi: Uppbyggingu náms og rannsókna á háskólastigi, í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskólann, Matís, Hafró, Náttúruminjasafn Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Háskólasetur Vestfjarða.
- Sveinn Ragnarsson, dósent við Hestafræðideild, sótti um 16.000.000 kr. til meistaraáráðunáms í reiðkennslufræðum, í samstarfi við Háskóla Íslands.

- Anna Guðrún Edvardsdóttir, rannsóknarstjóri, sótti um 43.120.000 kr. til náms í sjálfbærri byggðafræði – grunn- og framhaldsnáms, í samstarfi við Háskóla Íslands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Samtök þekkingarsetra á landsbyggðinni og Byggðastofnun.
- Edda Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri, sótti um 120.000.000 kr. til að efla stoðsviðið, í samstarfi við Háskólann á Bifröst.
- Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor, sótti um 43.729.000 kr. til Akademíu íslenska hestsins, í samstarfi við Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann og Sögusetur íslenska hestsins.

7. Húsnæðismál.

- Rektor greindi frá því að fjármálaráðuneytið hefur samþykkt heimild um að taka við húsnæði Hólalax. Lóðarmál eru í vinnslu. Rektor hefur haft samband við formann Skipulagsnefndar Skagafjarðar um þau.
- Næsta skref í aðgerðum gagnvart aðalbyggingu skólans eru þau að hönnunargögn eru í vinnslu og áætlað að þau verði tilbúin í febrúar 2023. Fljótlega eftir það verður farið í útboðsfasa og auglýsingar.
- Á síðasta fundi (7. liður, 89. fundar) óskuðu háskólaráðsfulltrúar eftir upplýsingum um stöðu og eignarhald Nemendagarðanna, sem er sjálfseignastofnun með eigin stjórn. Eignarhaldið er skólans og í 2. kafla, 2. gr., í starfsreglum hans segir að háskólaráð hafi „yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum Háskólans á Hólum.“ Rektor upplýsti að unnið er við að koma nemendagörðum í rekstrarhæft form. Fjárhaginn þarf að skoða, reikna út áætlaðar tekjur og hvað þarf til að þeir geti talist rekstrarhæfir.
- Rektor sagði enn vera spurningu um hvað verður um Búshúsið.

8. Engin önnur mál